
FRÉTTIR ÚR HVOLSSKÓLA

V. tölublað. XII. árgangur

24. febrúar 2006

Ábyrgðarmaður: Unnar Þór Böövarsson

Árshátíð 4. - 7. bekkjar

Nemendur í 4. - 7. bekk vinna þessa dagana af fullum krafti við undirbúning árshátíðar sinnar sem haldin verður á bolludag 27. febrúar klukkan 13:00 og á sprengidag 28. febrúar klukkan 18:00. Að þessu sinni setja nemendur upp sýningu á leikritinu *Skilaboðaskjóðan* í félagsheimilinu Hvoli.

Að venju verða tvær sýningar til að mæta þörfum flestra sem áhuga hafa á að sjá sýninguna. Þetta fyrirkomulag hefur ávallt gefist mjög vel og vonum við að sem flestir sjái sér fært að koma á árshátíðina.

Miðasala er við innganginn fyrir hvora sýningu og er aðgangseyrir 1000 kr (sýning, kaffi og smákökur) fyrir fullorðna og rennur allur ágóði í ferðasjóð 7. bekkjar. Það eru einmitt nemendur 7. bekkjar sem sjá um miðasölu og gerð leikskrár. Þess má geta að sýningar eru öllum opnar og hvetjum við fólk til að láta þær ekki fram hjá sér fara.

Leikstjóri er Margrét Tryggvadóttir en stjórn tónlistar er í höndum Ingibjargar Erlingsdóttur. Einnig koma umsjónarkennarar bekkjanna sem og stuðningsfulltrúar að æfingum auk þess sem flestir kennarar og starfsfólk skólans kemur að sýningunum. Að lokum viljum við þakka foreldrum sem mættu að sauma búninga fyrir sýninguna sérstaklega fyrir ómetanlega aðstoð.

Ekkert skólastarf á öskudag

Við leggjum mikla áherslu á að allir nemendur skólans taki virkan þátt í árshátíð á sínu aldursstigi. Undirbúningur árshátíðar og sýningar er mikil vinna og álag á nemendur, kennara og starfsfólk skólans. Þess vegna höldum við í þá venju að gefa frí á öskudag á móti þeirri miklu vinnu sem allir leggja á sig í aðdraganda árshátíðanna.

MINNUM NEMENDUR Á AÐ VERA ÁVALLT Í INNISKÓM.
BETRI ERU TVÆR FLÍS Í SKÓ EN EIN Í TÁ. ☺

Skipulag árshátíðardaganna

Mánudag 27. febrúar á bolludag er mæting samkvæmt stundaskrá hjá öllum bekkjum nema 10. bekk.

Nemendur í 4. - 7. bekk fara í mat kl. 11:30 og hefst undirbúningur fyrir sýningu strax að loknum mat. Sýning er í Hvoli kl. 13:00. Eftir sýningu fara allir nemendur aftur upp í skóla og ganga frá búningum í bekkjarstofum áður en farið er heim á venjulegum tíma kl. 14:40. Skólabílar sjá um að aka nemendum milli félagsheimilis og skóla fyrir og eftir sýningu.

Þriðjudag 28. febrúar á sprengidag er mæting samkvæmt stundaskrá hjá 1. - 3. bekk og 8. - 9. bekk. Nemendur 4. - 7. bekkjar mæta ekki í skólann fyrr en kl. 17:00.

Nemendur 4. - 7. bekkjar eiga að mæta í skólann til að undirbúa sig fyrir sýninguna þ.e. fara í búninga og förðun. Sýningin hefst í Hvoli kl. 18:00. Eftir sýninguna fara allir nemendur aftur upp í skóla og ganga frá búningum í bekkjarstofum áður en farið er heim kl. 19:30. Skólabílar sjá um að aka nemendum milli félagsheimilis og skóla fyrir og eftir sýningu. Athugið að engin kennsla er hjá 4. - 7. bekk þennan dag.

Starfskynningar í 10. bekk

Dagana 27. og 28. febrúar næstkomandi fara nemendur 10. bekkjar í starfskynningar á tvo vinnustaði á höfuðborgarsvæðinu. Þau völdu sér sjálf vinnustaði þar sem fram fer starfsemi sem þau gætu hugsað sér að mennta sig í og vinna við í framtíðinni.

Nemendurnir dvelja á vinnustaðnum góðan part úr degi eða kvöldi og fylgjast með því sem þar fer fram og taka jafnvel þátt í daglegu starfi. Auk þess gefst þeim tækifæri til að spyrja ýmissa spurninga varðandi náms- og starfsmöguleika innan viðkomandi fyrirtækis og starfsgreinar.

Nemendur þurfa að sjá sjálfir um ferðir og gistingu en Austurleið hefur styrkt ferðir nemenda í starfskynningu. Nánari upplýsingar gefur Gissur í síma 488-4243 eða gissur@ismennt.is

Foreldradagur 13. mars

Mánudaginn 13. mars verður foreldradagur í skólanum þar sem nemendur koma í skólann með foreldrum sínum í viðtal til umsjónarkennara.

Viðtalstímum verður úthlutað þegar nær dregur og miði með tímasetningu sendur heim með nemendum.